

Hafnarfjarðarbær  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfjörður

11. júlí 2017  
UST201705-234/P.B.S.  
10.04.03

## **Efni: Deiliskipulag - Kaldársel, Kaldárbotna og Gjárnar í Hafnarfirði**

Vísað er til bréfs Umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðar er barst 24. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um deiliskipulag fyrir Kaldársel, Kaldárbotna og Gjárnar í Hafnarfirði.

### **Skipulagssvæðið**

Deiliskipulag fyrir Kaldársel, Kaldárbotna og Gjárnar er að hluta til innan vatnsverndarmarka og innan friðlýsts svæðis. Gjárnar og Kaldárhraun voru friðlýst sem náttúruvætti árið 2009 til að vernda fagar helluhrauns- og klettamyndanir. Kaldársel og brunnsvæðið tilheyra Reykjanesfólkvangi, sem er friðlýst svæði.

Í greinargerð kemur fram að markmið deiliskipulagsins er að setja skilmála um mannvirki og starfsemi á svæðinu, staðsetja bílastæði og upplýsinga- og fræðsluskilti og afmarka vegi og stíga. Markmiðið er einnig að tryggja það að svæðið sé nýtt í samræmi við núgildandi vatnsvernd sem er á stærstum hluta skipulagssvæðisins og eða í samræmi við önnur verndarákvæði sem í gildi eru á svæðinu.

### **Framkvæmdir**

Í greinargerð kemur fram að gert sé ráð fyrir að útbúa bílastæði á öryggissvæðinu, flytja á spennistöð, sem er innan brunnsvæðis, yfir á öryggissvæðið í nágrenni við áætluð bílastæði. Einnig er áætlað að reisa þjónustubyggingu með salernum og jafnvel aðstöðu til landvörslu. Gert er ráð fyrir að gömlum stígum og vegum verði viðhaldið sem og gönguleiðum og einnig að fjölga merktum og stikuðum gönguleiðum og stígum um svæðið sem tengst geta öðrum gönguleiðum um uppland Hafnarfjarðar. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að framkvæmdir falli vel að landi og að forðast beri allt óþarfa rask.


**Niðurstaða**

Umhverfisstofnun tekur undir að fyrirhuguð uppbygging og aðgerðir hafi jákvæð umhverfisáhrif fyrir brunnsvæði vatnsbólsins og vatnsverndina almennt á svæðinu. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að bílastæði eða aðrar framkvæmdir verði ekki á svæðum þar sem hætta er á raski á sérstökum jarðminjum sbr. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.



Þórdís Björt Sigbórsdóttir  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur